

Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 28.janúar 2025

Staðsetning: Teams

Tímasetning: Fundur hófst kl. 16:10

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Soffía, Inga Dís, Sonja Sif og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Meistaramót Íslands í götuhlaupum 2025. Skrifstofa hefur samband og óskar staðfestingar frá ÍR vegna 5KM og Ármanni vegna 10KM. UFA hefur þegar staðfest 21KM. Heilt maraþon er í vinnslu hjá Langhlaupanefnd.
2. Varðandi 10.000 m meistaramót á braut þá er skrifstofu falið að kanna möguleikann á að halda þennan viðburð á föstudegi 15.águst á ÍR vellinum. Í framhaldi óska eftir fundi með framkvæmdaraðila og Langhlaupanefnd.
3. TM hlaupin 2025. TM hafa svarað bréfi Langhlaupanefndar jákvætt og stefnan er að hafa Fjölskylduhlaup TM þann 17.maí í Reykjavík. Jafnframt er áhugi á að halda hlaup á Akureyri og skrifstofu falið að ræða við UFA um aðkomu að því ásamt tillögu að dagsetningu. Þá er líka áhugi á að kanna grundvöll fyrir Fjölskylduhlaupi á Vestfjörðum. Skrifstofa kannar jafnframt þann möguleika. Langhlaupanefnd og TM funda saman á næstu dögum.
4. Vottuð hlaup. Óskað eftir því að FRÍ setji á miðla sem fyrst áminningu, á miðla, til framkvæmdaraðila sem hyggjast halda vottuð hlaup í sumar. Umsóknir þurfa að berast með góðum fyrirvara til að flýta fyrir afgreiðslu og FRÍ getur þá auglýst sérstaklega hvaða hlaup eru vottuð. Í augnablikinu eru nú þegar einhverjir framkvæmdaraðilar að auglýsa sína viðburði sem vottaða.
5. Skilmálar – Vottuð hlaup. Langhlaupanefnd óskar eftir því að þetta mál sé klárað amk fari af stað þar sem einhverjir framkvæmdaraðilar kalli nú þegar eftir þessu.

Fundi slitið kl. 16:50.

Friðleifur ritaði fundargerð.